

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 28. janúar 2026:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lýsingu við Breiðholtslaug

Lagt er til að ráðist verði í peruskipti/viðgerð ljósastaura milli Breiðholtslaugar og Fjölbrautaskólans í Breiðholti sem og í almenningsgarðinum milli Austurbergs og Vesturbergs. Á þriðja tug götulampa eru óvirkir á svæðinu.